

**Nd.**

**187. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Pótt frumvarp þetta hafi verið undirbúið af sjerstakri nefnd, sem bæjarstjórn Reykjavíkur skipaði til þess að rannsaka skattamál bæjarins, síðan rætt á fundum bæjarstjórnar og loks gengið í gegn um hreinsunareld stjórnarinnar, er því mjög áfátt að ýmsu leyti. Orðfæri á því er fremur ljelegt, nauðsynleg fyrirmæli og einsæ vantar í það og greinaröðin í því hefir jafnvel raskast, svo að í frumvarpinu er nú engin 28. gr., heldur kemur 29. gr. þegar á eftir 27. gr. Verður öll greinatalan því skökk úr því, og tilvitnanir í greinir frumv. eftir 27. gr. því skakkar. Í athugasemdum við frv. er og villandi skýrt frá efni frv., þar sem skilja má orðin í þeim svo, að matið 10. hvert ár fari eftir lögum nr. 59, 3. nóv. 1915, í stað laga nr. 22, 3. s. m. Nefndin getur eigi heldur fallist á ýms efnisatriði frv. En hún viðurkennir, að mál þetta sje Reykjavíkurkaupstað mjög mikilvægt, og leggur því til, að frv. nái fram að ganga, en vill gera sitt til þess að lagfæra það eftir föngum. Ber nefndin því upp breytingartillögur á þingskjali 188, og skal nú gerð grein fyrir þeim tillögum og svo gerðar athugasemdir við hverja grein að öðru leyti, svo sem þörf þykir.

*Um fjrrirsögn frv. og 1. brtt.*

Bæjargjöld Rvíkur eru fleiri en tekjuskattur og lóðargjald. Því virðist rjettara að hafa fjrrirsögnina eins og hjer er stungið upp á.

*Um 2. gr. frv. og 2. brtt. 1.*

Nefndinni þykir skattstigi frv. hækka of ört að neðanverðu. Telur hún fullvist, að skattur eftir 1. gr. frv. verði að mun hærri en aukaútsvar það, sem nú er lagt á menn í Reykjavík, þá er tekjur hafa alt að 6000 kr. Einnig telur nefndin rjettlátt að láta gjaldstigann hækka á hærri laununum, bæði örara en í frv. segir og lengur. Ber nefndin því upp brtt. 2. og setur hjer til samanburðar yfirlit yfir skatt og tekjur, bæði eftir frv. og brtt., og verður yfirlitið á þessa leið:

Eftir 1. gr. frv.				Eftir brtt. 1.			
Tekjur		%	Skattgjald	Tekjur		%	Skattgjald
500—	800	1	5,00— 7,50	300—	800	1	3,00— 7,50
800—	1100	1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	12,00— 15,75	800—	1100	1 <sup>1</sup> / <sub>4</sub>	10,00— 12,63
1100—	1400	2	22,00— 27,00	1100—	1400	1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	16,50— 20,25
1400—	1700	2 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	35,00— 41,25	1400—	1700	1 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>	24,50— 28,87

Eftir 1. gr. frv.			Eftir brtt. 1.		
Tekjur	%	Skattgjald	Tekjur	%	Skattgjald
1700— 2100	3	51,00— 61,50	1700— 2000	2	34,00— 39,00
2100— 2600	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	73,50— 89,25	2000— 2300	2 <sup>1</sup> / <sub>4</sub>	45,00— 50,62
2600— 3100	4	104,00— 122,00	2300— 2600	2 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	57,50— 63,75
3100— 3700	4 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	139,50— 164,25	2600— 2900	2 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>	71,50— 78,38
3700— 4300	5	185,00— 212,50	2900— 3200	3	87,00— 94,50
4300— 5000	5 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	236,50— 272,25	3200— 3500	3 <sup>1</sup> / <sub>4</sub>	104,00— 111,81
5000— 6000	6	300,00— 357,00	3500— 3800	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	122,50— 131,25
6000— 10000	6 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	390,00— 646,75	3800— 4100	3 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>	142,50— 153,38
10000— 15000	7	700,00— 1046,50	4100— 4500	4	164,00— 178,00
15000— 22000	7 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	1125,00— 1646,25	4500— 5000	4 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	202,50— 222,75
22000— 30000	8	1760,00— 2396,00	5000— 5500	5	250,00— 272,50
30000— 40000	8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2550,00— 3395,75	5500— 6000	5 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	302,50— 327,25
40000— 50000	9	3600,00— 4495,50	6000— 6500	6	360,00— 387,00
50000— —	10	5000,00— —	6500— 7000	6 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	422,50— 451,75
			7000— 8000	7	490,00— 556,50
50000— 75000	10	5000,00— 7495,00	8000— 9000	7 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	600,00— 671,25
75000—100000	10	7500,00—10000,00	9000— 10000	8	720,00— 796,00
			10000— 12000	8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	850,00— 1015,75
			12000— 15000	9	1080,00— 1340,50
			15000— 20000	9 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	1425,00— 1895,25
			20000— 30000	10	2000,00— 2995,00
			30000— 40000	11	3300,00— 4395,50
			40000— 50000	12	4800,00— 5994,00
			50000— 75000	13	6500,00— 7943,25
			75000—100000	14	10500,00—13993,00
			100000— —	15	15000 — —

Nefndinni þykir rjettara að lækka skattskyldar tekjur niður í 300 krónur, til þess að einhleyppt lausafólk sleppi síður og vinnufólk. Eftir tillögum nefndarinnar verður skatturinn nokkru minni á miðlungstekjum, en sýnu hærri á tekjum yfir 6000 kr. og skatturinn látinn hækka upp í 15<sup>0</sup>/<sub>0</sub>, eins og í gildandi lögum um tekjuskatt og eigna til landssjóðs, þótt hækkunin verði þar miklu örfari, 15<sup>0</sup>/<sub>0</sub> af 29000 kr. og þar yfir.

Um b-lið brtt. er þess eins að geta, að betur sýnist fara á því að setja ákvæði 9. gr. 1. málgr. 2. másl. og 2. mgr. aftan við 1. gr.

*Um 3. gr. frv. og 3. brtt.*

Orðið »hlutdeild« virðist óþarft.

*Um 4. gr. frv. og 4. brtt.*

Venjur geta myndast um að sleppa einstökum mönnum, t. d. sendikennurum frá öðrum ríkjum hingað til háskólans.

*Um 5. gr. og 5. brtt.*

Orðabreyting, en eigi efnis.

*Um 6. gr. og 6. brtt.*

Sama.

*Um 7. gr. og 7. brtt.*

*a*-liður felur eigi í sjer efnisbreytingu. Um aukaútsvar, annars staðar á lagt, þykir nefndinni rjett að taka beint fram, að það teljist til rekstrarkostnaðar.

*b*-liður geymir efnisbreytingu að því leyti til, að nefndin ætlast til, að lög-mælt ekkjutrygging og ellistyrkur teljist til »lögmaelltra kvæða« á embætti, og heyri því eigi undir »lífsábyrgð« eða »aðra persónutrygging« í niðurlagi greinarinnar. Embættismenn verða að standa straum af slikri tryggingu, en aðrir eru engum lögum háðir í því efni.

Í *c*-lið er lagt til, að 4% verði 5%, því að 4%-frádráttur af greiddu hlutafje þykir helsti lágt.

*Um 8. gr. og 8. brtt.*

Nefndinni þykir eigi ástæða til þess að láta ákvæði gr. um samskatt haldast, nema um hjón. Henni virðist ósanngjarnt, að foreldrar telji fram tekjur barna sinna og ábyrgist skatt af þeim. Skatturinn verður bæði hærri en ella myndi og ábyrgðin meiri. Ákvæðið um endurgjaldskröfu hjóna á hvort annað og erfingja hvors um sig er að mestu í samræmi við gildandi lög.

Brottfall síðustu málsgr. stafar af því, að ákvæðið er með öllu óþarft, því að óbeinlínis er sagt þegar í upphafi gr., að hjón, er slitið hafa samvistir, greiði skatt hvort í sínu lagi.

*Um 9. gr. og 9. brtt.*

Um *a*- og *b*-lið visast til um 1. gr.

Um *c*-lið athugast: Vel má vera, að tekjur manns nemi eigi 300 kr., þegar frá er dregið samkvæmt 9. gr. Ef maður á t. d. 8 börn 14 árum yngri, næmi frádrátturinn  $2 \cdot 150 + 6 \cdot 200 = 1500$  kr. Hann yrði að hafa að minsta kosti 1800 kr. tekjur til þess að verða skattskyldur. Hins vegar er hart, að slikir menn missi rjettindi vegna þessarar ívilnunar einnar. Um ákvæði 17. gr. síðustu málsgr. og 26. gr. er það auðvitað, að notkun þeirra getur því eigi heldur haft rjettindamissi í för með sjer.

*Um 11. gr. og 11. brtt.*

Fyrir »stjórnarráðið«, sem tekur yfir *alla* ráðherrana, þykir rjettara, bæði hjer og annarsstaðar í frv., að setja »ráðherra«, og er þá átt við þann ráðherra, er fer með bæjar- og sveitarstjórnarmál.

*Um 12. gr. og 12. brtt.*

Eru orðabreytingar.

*Um 13. gr. og 13. brtt.*

Orðabreyting, nema sektarákvæðið er fært aftur í kaflann um refsíákvæði.

*Um 15. gr. og 14. brtt.*

Er orðabreyting að mestu, en annars í samræmi við fyrri brtt. Þó er lagt til, að rýmkað verði um skyldu skattþegns í 3. mgr.

*Um 18. gr. og 15. brtt.*

Ákvæði síðustu mgr. virðist eiga heima í þeim kafla frv., þar sem refsí-  
ákvæði eru og önnur skyld.

*Um 22. gr. og 16. brtt.*

a-liður er orðabreyting.

Í b-lið er lagt til, að 2. mgr. falli burt. Þessi mgr. er bæði lítt skiljanleg, vegna ótæks orðalags, [og lokaákvæði hennar virðist gera að engu eða að minsta kosti þýðingarlítið upphafsákvæði hennar, enda virðist slíkrar takmörkunar, sem í málsgr. segir, eigi þörf vegna ákvæða 29. og 30. gr.

*Um 23. gr. og 17. brtt.*

Í frv. vantar alveg ákvæði um það, hve nær yfirskattaráð skuli hafa úr-  
skurðað kærur, og er þó gert ráð fyrir slíku fyrirmæli á öðrum stað í frv., sjá  
32. gr. Einsætt er og, að ágreiningur um *skattskyldu* heyrir undir dómstólana.

*Um 24. gr. og 18. brtt.*

Greinin er orðuð um, bæði vegna brtt. við 8. gr. og vegna þess, að sama má  
segja í styttra máli, og síðasta málsgr. gr. er óþörf. Það atriði, sem þessi málsgr.  
mælir fyrir um, getur farið og á að fara eftir 12. gr. l. nr. 3, 12. jan 1900, um  
fjármál hjóna.

*Um 25. gr. og 19. brtt.*

Breytingartillagan er að nokkru leyti að eins nauðsynleg orðabreyting og  
að nokkru flutningur á efni síðustu málsgr. 27. gr. hingað, því að ákvæði hennar  
á hjer heima.

*Um 26. gr. og 20. brtt.*

Er í samræmi við lagamálsvenju.

*Um 27. gr. og 21. brtt.*

Er orðabreyting, enda nokkru skýrar kveðið á um það, sem segja á. Um  
brottfall síðustu mgr. sjá um 25. gr.

*Um 29.—34. gr. og 22.—25. brtt.*

28. gr. vantar í frv.

Í kafla þessum er víða breytt orðalagi, en aðallega eru breytingarnar  
fólgnar í því, að refsí- og nauðungarreglum er hjer safnað í eina heild, málshöfð-

unarreglum í eina og sömu grein og kveðið skýrar á um ýmislegt, er hjer að lýtur. Auk þess er sumt óþarft af því, sem fram er tekið í frv., t. d. um sættina í 30. gr. og »proklama« í sömu gr. Það er og óviðeigandi, að erfingjarnir ábyrgist persónulega undandreginn skatt, nema þeir skifti með sjer búinu vísir vitendur um skattsvik. Þá mundu þeir væntanlega gera það eftir almennum reglum. — Um það, hvert sektir renni, skal þess getið, að sektir í málum gegn skattaráðum eða öðrum opinberum starfsmönnum út af ávirðingum í sýslan þeirra renna auðvitað til landssjóðs, þar sem málið er sakamál. — Orðið »lögta« í 34. gr. frv. er alveg rangt. Lögta byggist eigi á dómi nje sátt, en sektir hjer yrðu að eins innheimtar að undangengnum dómi, sátt eða úrskurði ráðherra. Fullnustugerðin heitir þá eigi »lögta«, heldur »fjárnám«. En »aðfór« tekur yfir, eða getur tekið yfir, hvorttveggja, og er þó venjulegar haft að eins um fjárnámsgerðir, sbr. l. nr. 19, 4. nóv. 1887. Í nokkrum eldri lögum er fjárnámi og lögtaki blandað saman, og mun þetta hafa vilt þá, er frv. sömdu.

*Um 35.—41. gr. og 26.—28. brtt.*

Þótt nefndinni virðist lóðargjaldið nokkuð hátt, telur hún þó eigi fært að leggja til lækkun á því, þar sem slík lækkun mundi að líkindum hafa í för með sjer tilsvarendi hækkun á tekjuskattinum, hreyfitölunni, en óvíst, hvort það væri heppilegra. — Breytingar hjer eru að mestu orðabreytingar eða lagfæringar á frv.

*Um 42.—45. gr. og 29.—30. brtt.*

Brtt. við 42. gr. er orðabreyting, og að sumu nauðsynleg í samræmi við aðrar brtt. — Brtt. við 45. gr. stafar af því, að 23. gr. 1. málsgr. tilsk. 20. april 1872 er numin úr lögum með 8. gr. l. nr. 86, 22. nóv. 1907, og virðist óþarft að ógilda hana enn af nýju.

Alþingi, 22. maí 1918.

Einar Arnórsson,  
formaður og framsm.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari.

Þorleifur Jónsson.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.